


Leggjum börnum lið ...við læsi



Leiðbeiningar um lestrarnám



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra


KENNARHÁSKÓLI
ÍSLANDS



Læsi er þróunarferli sem hefst í frum-bernsku og heldur áfram allt lífið

Góður málþroski er undirstaða lestrarnáms

Lestur byggist á færni í móðurmálinu og því má segja að undirbúningur lestrarnáms hefjist strax á fyrstu ævimánuðum barnsins eða um leið og það fer að gefa gaum að hljóðum í umhverfi sínu og byggja upp eigið mál og málvitund. Því betri málþroska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám. Í þessu sambandi skiptir miklu:

- næmi fyrir hljóðum tungumálsins
- orðaforði, málskilningur og máltjáning

Börn læra málið hjá foreldrum og uppaldum

Að ná tökum á tungumálinu og læra að lesa er áhrifarík upplifun sem börn og foreldrar deila. Börn sem hafa greiðan aðgang að fólki sem ræðir við þau um heima og geima, les fyrir þau og kennir þeim ný orð, eiga öllu

jöfnu auðveldara með að ná tökum á lestri, bæði hvað varðar tæknilega hlið lesturs og lesskilning.

Leggið áherslu á að:

- tala við börnin og hlusta á þau tjá sig
 - kenna þeim ný orð úr bókum og mál-umhverfi
 - lesa fyrir þau og hvetja þau til að ræða um efnið
 - syngja með þeim
 - kenna þeim vísur, þulur, gátur og rím
- Orðaforða læra börn hjá foreldrum sínum og samræður og lestrarstundir með fjölskyldunni leggja grunn að glímu barnsins við lestur síðar meir.

Málvitund og orðaforði barna eykst ef lesið er fyrir þau

Lesið sem mest af alls kyns efni fyrir börnin. Þó að börn séu farin að lesa auðveldan texta ætti samt sem áður að halda áfram að lesa fyrir þau flóknara efni þar til þau hafa náð tökum á að lesa sjálf texta sem hæfir þroska þeirra og vitsmunalegri getu. Að lesa fyrir börn eflir orðaforða og málvitund, þjálfar

einbeitingu og hlustun og örvar sköpunar-gáfu og hugmyndaflug.

- Yngri börn kynnast heimi bóka og ritnáls og æfast í að hlusta á samfelldan texta, sem síðar byggir brú að lesskilning
- Eldri börn kynnast mismunandi tegundum texta og læra ný orð
- Orðaforði er lykill að lesskilningi barnsins og þekkingu. Því meiri orðaforða og almenna þekkingu sem barnið öðlast, því betur verður það í stakk búið til að lesa og skilja krefjandi texta af ýmsu tagi
- Veljið bækur sem auka orðaforða barnsins og þekkingu, en gætið þess samt að efnið sé ekki of erfitt, þá hætta börn að hlusta

Tvítyngi

Öll börn þurfa að öðlast sterkan grunn í að minnsta kosti einu tungumáli til þess að ná tökum á lestri. Foreldrar barna, sem alast upp við tvö eða fleiri tungumál þurfa að hlúa sérstaklega vel að máltöku og málþjálfun barna sinna og setja sér það markmið að barnið nái fullkomnum tökum á að tala og lesa að minnsta kosti eitt tungumál.


Að læra að lesa

Börn læra málið af samskiptum við annað fólk, oftast án sérstakrar kennslu. Lestur þarf hins vegar að kenna og þjálf og þá einkum:

- Lestækni; að læra að þekkja bókstafina og hljóð þeirra og tengja (hljóða) þá saman í töluð orð og texta
- Lesskilning; hann byggist á orðaforða og málskilningi
- Stafsetningu og ritun; börn læra að greina hljóð/stafi í orðum, að þekkja rithátt orða og tjá hugsun sína og þekkingu í ritnáli

Hugtakið læsi felst í því að ná valdi á þessum þremur þáttum. Lestur er einstaklingsbundin, lærð færni sem krefst þjálfunar og þróast stig af stigi. Sumum börnum reynist þetta mjög auðvelt, en önnur þurfa lengri tíma og markvissa, kerfisbundna kennslu.

Mikilvægt er að börn og unglingar haldi áfram að lesa eftir að lágmarksfærni er náð. Það er í raun forsenda þess að þau ráði við stöðugt erfiðara lesefni og flóknari



orðaförða í textum af ýmsu tagi, fyrst í grunnskóla og síðar í framhaldsskóla og háskóla.

Nokkur atriði um þjálfun lesturs

Verið viss um að textinn sé ekki of erfiður. Algengur mælikvarði á þyngd lesefnis til þjálfunar er að barnið geri ekki fleiri en 5-7 villur í 100 orða texta. Börn sem náð hafa góðum tókum á lestækninni ráða þó stundum við erfiðari texta, en gætið þess að lesturinn taki ekki of langan tíma og þau nái að skilja textann.

- Lestur ætti fyrst og fremst að vera ánægjuleg reynsla og miklu skiptir að börnum finnist þau ráða við viðfangsefnið
- Lestrarnámið miðar að því að barnið læri smám saman að þekkja orðin og geti lesið þau hratt og fyrirhafnarlaust
- Orðin festast í sjónrænu langtímaminni gegnum nákvæm tengsl stafa og hljóða við merkingu orða
- Næmi fyrir hljóðum tungumálsins (hljóðkerfisvitund) er þess vegna



mikilvæg forsenda fyrir farsælu lestrarnámi, samhliða góðum orðaförða og málskilningi

- Að lesa sama texta oftast en einu sinni er áhrifarík aðferð til að ná sjálfvirkum tókum á lestri
- Ritun er öflug leið til að þjálfna næmi fyrir tengslum bókstafa og hljóða og örva hljóðkerfisvitund
- Ritun byggir upp sjónminni á orð, sem er forsenda þess að ná leshraða og fyrirhafnarlausum lestri

Lesblinda/dyslexía

Á sama hátt og málið er undirstaða lestrar eru lestrarerfiðleikar af málrænum toga. Talið er að rekja megi vanda allt að 85% barna sem eiga erfitt með nám til veikleika í lestri og máli. Lesblind börn eiga oftast í sérstökum erfiðleikum með að ná tókum á tengslum stafa og hljóða vegna slakrar hljóðkerfisvitundar. Þau eiga ördugt með að skynja að orð eru sett saman úr aðskildum hljóðum sem táknuð eru með bókstöfum; þeim veitist erfitt að greina hljóð orðanna af nákvæmni, bæði í lestri og stafsetningu. Með vandaðri kennslu geta langflest börn lært að lesa, en sum þurfa að hafa meira fyrir því en önnur. Þessi börn eru oft lengi að ná



viðunandi leshraða og sjálfvirkni í lestri og þess vegna skiptir miklu að lestrarþjálfunin sé markviss og vel skipulögð. Stafsetning reynist þeim einnig erfið svo og nám í erlendum tungumálum, einkum lestur þeirra og ritun.

Eftirtalin atriði geta verið vísbendingar um lestrarerfiðleika:

- forsaga um málerfiðleika
- erfiðleikar með að greina og vinna með hljóð/stafi í orðum
- erfiðleikar við að læra bókstafi og hljóð þeirra
- ruglingur á stöfum og hljóðum

- hægur, hikandi lestur
- erfiðleikar við að skrifa orð rétt
- slakur lesskilningur (oft vegna hæglaesis og lélegrar lestækni)

Börn með lestrarerfiðleika og foreldrar þeirra þurfa sérfræðiaðstoð og ráðgjöf og þörf er á góðri samvinnu milli heimilis og skóla þegar slíkar aðstæður koma upp. Finna þarf börn í áhættuhópi strax í leikskóla og koma til móts við þau með kennslu sem byggist á málörvun og markvissri þjálfun hljóðkerfisvitundar. Þegar kemur að sjálfu lestrarnáminu í fyrsta bekk þarf að fylgja námshraða barnsins og leggja grunn að góðri lestækni samhliða þjálfun í lesskilningi, ritun og stafsetningu.



Foreldrar geta lagt börnum lið

Miklu skiptir að kröfur séu við hæfi - hvorki of miklar né of litlar.

Það að ná árangri hvetur barnið til að takast á við ný og krefjandi verkefni.

- Leggið áherslu á að barnið læri bókstafina og hljóð þeirra
- Hlustið á barnið lesa daglega og hvetjið það til að segja frá og ræða efni textans
- Hvetjið barnið til að skrifa stutta setningu daglega (2 - 5 orð) frá eigin brjósti. Hjálpið barninu að hlusta eftir og greina sundur hljóðin/stafina í orðunum. Gætið þess að þyngd lestexta til lesþjálfunar hæfi lestrargetu barnsins (sjá viðmið að framan)
- Leiðréttið ekki hvert orð sem rangt er lesið ef villan breytir ekki merkingu textans, verið jákvæð og uppörvandi
- Árangursríkt er að lesa oft sama texta (endurtekinn lestur)
- Ekki er heppilegt að hlé verði á þjálfuninni. Takið bækur með í ferðalög og frí
- Farið með barninu á bókasöfn og gefið því kost á að velja sér bækur sem hæfa aldri þess og þroska. Lesið fyrir barnið eða fáið hljóðbækur ef það ræður ekki sjálft við texta. Þannig kynnist barn sem á erfitt með lestur þeim orðaförða sem læsir jafnaldrar fást við
- Fylgist með að barnið fái hljóðbækur í lesgreinum ef þörf er á
- Leitið frekari leiðbeininga hjá kennara barnsins um hvernig best er að haga heimanámi í lestri og ritun, um þyngd lesefnisins og kröfur

Lestrarnám byggist á samvinnu heimilis og skóla. Börn læra best þegar þeim líður vel og sjálfsmynd þeirra er sterk og heilsteypt.

**Besti undirbúningur fyrir lestrarnám barna er að lesa fyrir þau,
auk þess sem það er notaleg samverustund foreldra og barna.**

**Það er góð regla að foreldrar renni aðeins yfir bækurnar áður en þær eru
lesnar fyrir börnin til að gera sér betur grein fyrir því hvað hentar hverju barni.
Það er engin ástæða til að hætta að lesa fyrir börn þótt þau séu orðin læs.**

Myndabækur fyrir yngstu börnin:

Andrew Davenport: *Stubbarnir fara í gönguferð; Stubbarnir fara í hermileik.*
David Mckee: *Elmar og veðrið; Dagur í lífi Elmars; Vinir Elmars; Litaglaði Elmar.*
Nele Moost/Michael Schober: *Hver dagur með þér dásamlegur er; Alltaf verð ég vinur þinn.*
Áslaug Jónsdóttir: *Á bak við hús-Vísur Önnu; Eggíð.*

Myndabækur með meiri texta:

Julia Donaldsson/Axel Scheffer: *Greppikló; Greppibarnið.*
Brian Pilkington: *Mánasteinar í vasanum; Hlunkur; Dynkur.*
Rakel Helmsdal, Kalle Güettler og Áslaug Jónsdóttir: *Nei! sagði litla skrímslið.*
Sigrún Eldjárn: *Draugasúpan.*
Kristín Steinsdóttir/Halla Sólveig Þorgeirsdóttir: *Engill í Vesturbænum.*
Björk Bjarkadóttir: *Leyndarmálið hennar ömmu; Amma og hjófurinn í safninu.*
Per Gustavsson: *Svona gera prinsessur.*
Þorvaldur Þorsteinsson: *Skilaboðaskjóðan.*

Enn meiri texti fyrir eldri börnin

Kristín Helga Gunnarsdóttir: *Fíasól í fínum málum.*
Andri Snær Magnason/Áslaug Jónsdóttir: *Sagan af bláa hnettinum.*
Sigrún Eldjárn: *Týndu augun; Frosnu tærnar.*
Bubbi Morthens/Robert Jackson/Halldór Baldursson: *Djúpríkið.*
Þorvaldur Þorsteinsson: *Ég beiti Blíðfínnur, en þú mátt kalla mig Bóbó.*
Guðrún Helgadóttir: *Öðruvísi dagar; Öðruvísi fjölskylda.*
Magnea frá Kleifum: *Sossa sólskinsbarn.*
Friðrik Erlingsson: *Benjamín dúfa.*
Astrid Lindgren: *Elsku Mio minn.*
Kristín Helga Gunnarsdóttir: *Strandanornir.*
Georgia Byng: *Molly Moon og dáleiðslubókin; Molly Moon sigrar heiminn.*

Léttlestrarbækur

Þorvaldur Þorsteinsson: *Vettlingarnir hans afa.*
Cristine Nöstlinger: *Sjómannssögur af Frans.*
Oscar Wilde: *Risinn eigingjarni.*
H. C. Andersen: *Nýju fótin keisarans.*
Selma Lagerlöf: *Umskiptingurinn.*
Gunnar Agúst Harðarson: *Fílón frá Alexandríu.*

Vísur og kvæði

Ragnheiður Gestsdóttir: *Klappa saman lófunum.*
Þórarinn Eldjárn/Tryggvi Ólafsson: *Litarím.*
Þórarinn Eldjárn/Sigrún Eldjárn: *Óðbalaríngla.*
Böðvar Guðmundsson/Áslaug Jónsdóttir: *Krakkakvæði.*
Davíð Þór Jónsson/Lilja Gunnarsdóttir: *Vísur fyrir vonða krakka.*

Höfundur texta: Steinunn Torfadóttir. Myndir: Brian Pilkington.

Ítarlegri bókalista með nánari upplýsingum er að finna á vefslóðinni: www.heimiliogskoli.is

Bæklingurinn er fáanlegur hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra,

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Sími 562-7475

Netfang: heimiliogskoli@heimiliogskoli.is